

# Meindýraeyðing 2018

## Rottueyðing

4 starfsmenn unnu að meindýraeyðingu allt árið. Einnig voru 4 sumarstarfsmenn í vinnu frá 1.júní til 31. ágúst og sinntu forvarnarstarfi þ.e. eitrun í holræsabrunna. Eitrað var í 5.250 holræsabrunna 1.134 kg af beitu þ.e. 5.670 staukar, hver staukur er 200 gr.

Alls bárust 386 ( 385 ) kvartanir um rottu og músagang. Hver kvörtun þýðir a.m.k. fjórar ferðir til eftirlits og skoðunar að meðaltali. Rottum og músum var eytt á þeim stöðum sem kvartanir bárust frá.

Í niðurföllum, v/kvartana og í fjörur borgarinnar var dreift 876 kg af beitu. Kvartanir v/músa voru 166 en v/rottu 220.

Kvartanir v /rottu eru 17 færri en s.l. ár en kvörtunum v/ músa hefur fjölgað um 18 frá síðasta ári.

Fyrir nokkrum árum var þjónusta Meindýravarna Reykjavíkurborgar skorin niður og ekki er sinnt útköllum eftir kl 21.00 á kvöldin og ekki um helgar eins og áður var heldur þurfa borgarbúar að hafa samband við sjálfstætt starfandi meindýraeyða sem einnig hafa tekið að sér reglubundið meindýraeftirlit hjá fyrirtækjum, þessir áður nefndu aðilar ( sjálfstætt starfandi meindýraeyðar ) skila ekki af sér neinum gögnum um kvartanir vegna meindýra til opinberra aðila þannig að þar er um að ræða eitthvert magn kvartana vegna rottu og músa sem vantar í heildarmyndina.

## Eyðing vargfugls, refa, minka og fl.

Ein kvörtun barst um óþægindi af völdum villidúfna og 9 kvartanir vegna kanína og voru 23 kanínur aflífaðar og einnig voru sóttar 14 kanínur sem ekið hafði verið á í nágrenni við Stekkjarbakka og víðar í borginni.

Vegna katta bárust 10 kvartanir og var þeim öllum sinnt og voru 12 kettir handsamaðir og fluttir í Kattholt, kvörtunum vegna katta hefur fækkað verulega frá fyrri árum.

10 kvartanir bárust vegna minka á árinu og var þeim öllum sinnt en einnig fer meindýraeyðir með sérþjálfaða hunda að vori um þau svæði borgarinnar sem þá er helst að finna og leitar þá uppi. Þá veiddist einnig allmikið af mink í gildrum en um 70 gildrum eru í notkun að jafnaði allt árið. Í þessum aðgerðum náðust 87 minkar á árinu. 5 kvartanir bárust vegna refa í ár og voru 4 refagrenni unnin af ráðnum grenjaskyttum og náðust í grenjavinnslu 10 fullorðin dýr og 21 yrðlingur en fjöldi refa náðist einnig í vetrarveiði á Kjalarnesi og Víðinesi samtals 13 fullorðin dýr

Skotnir voru 4.916 vargfuglar á árinu í borgarlandinu og tekin 59 egg.

105 kvartanir bárust vegna 127 geitungabúa sem staðsett voru við göngustíga, leikskóla, skóla og á opnum svæðum í borginni og var þeim öllum eytt.

Þá barst einnig fjöldi óska frá borgarbúum og lögreglunni í Reykjavík um aðstoð við að handsama eða fjarlægja ýmis dauð, særð eða lifandi dýr víða í borginni 171 beiðni. Af þessum 171 beiðni voru 27 vegna katta sem voru fluttir dauðir á Dýraspítalann í Víðidal þar sem þeir höfðu fundist víða í borginni eftir að ekið hafði verið á þá eða önnur óhöpp valdið dauða þeirra. Starfsfólk Dýraspítalans tilkynnir eigendum dýranna um afdrif þeirra ef dýrin eru merkt.

## Virðingarfyllt

---

Guðmundur Björnsson  
Rekstrarstjóri  
meindýravarna